



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Pórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands Haldinn í Pórunnartúni 6, mánudaginn 8. apríl 2019 kl. 16:30-18:00.

(Fundur nr. 8. frá Hellu)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Brynjólfur Jónsson, Laufey B. Hannesdóttir, Þuríður Yngvadóttir, Jens B. Baldursson (sem ritaði fundargerð) og Páll Ingbór Kristinsson í gegnum Skype. Auk þess sátu Hrefna Einarsdóttir og Einar Gunnarsson fundinn (undirbúningur aðalfundar og fagráðstefnan).

Dagskrá fundar

- 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar**
Samþykkt með orðalagsbreytingum.
- 2. Aðalfundur og afmælisár 2020.** Hrefna kynnti dagskrá aðalfundarins í Kópavogi. Nánast klárt, það sem er ófrágengið eru minni háttar atriði.
- 3. Fagráðstefna skógræktar 2019 á Hallormsstað.** Einar sagði frá ráðstefnunni. Halldór Þorgeirsson formaður Loftslagsráðs var með fróðlegt erindi. Honum kom á óvart hvað við erum komin langt en hann er nýkominn úr starfi hjá S.Þ. Landgræðslustjóri kvað fast að orði, þanna ætti lausagöngu búfjár. Kom á óvart hvað hann var ákveðinn. Brynhildur Bjarnadóttir var með erindi sem vakti athygli en hún fjallaði um aspir í framræstri mýri en þær munu binda feykimikið kolefni.
- 4. Ársreikningar Skógræktarfélags Íslands og Skógræktarfélags Húnavatnssýslu 2018.** Skýringar á atriðum sem spurt hafði verið um, voru lagðar fram. Reikningarnir eru í góðu lagi en Laufey nefndi að gott væri að hafa það sem reglu að "fjögur augu" færu yfir reikningana og samþykktu þá.
- 5. Fulltrúafundur 2019 - lærdómur.** Fundarmenn voru sammála um að fundurinn hefði tekist mjög vel og ástæða til að halda slíkan fund árlega.
- 6. Samkomulag eigenda um Úlfljótsvatn 22. mars sl.** Búið er að skrifa undir samning um jörðina Úlfljótsvatn.
- 7. Samningur við Kolvið um aukin lönd á Úlfljótsvatni.** Samningurinn er nánast frágenginn. Rætt um nokkrar breytingar sem gera þarf á honum.

- 8. Fundur í Landgræðslusjóði.** Þuríður sagði frá honum. Nýr endurskoðandi, hagstæðara tilboð en áður. Ganga þarf frá lausum endum varðandi Ingunnarstaði. Þá er óánægja með ávöxtunina sem er misjöfn og var neikvæð á síðasta ári.
- 9. Græni stígurinn - staða.** Hrafnkell Proppé er búinn að funda með umhverfisstjórum á höfuðborgarsvæðinu. Mikill áhugi er á verkefninu, verið að safna gögnum.
- 10. Önnur mál.** Jónatan og Brynjólfur funduðu með fulltrúum Olís. Hagar eru að kaup Olís. Olís er til í að vera styrktaraðilar með öðrum. Styrkir fyrirtækja eru miklu lægri en áður. Laufey sagði að rætt hefði verið við sérfræðing Vegagerðarinnar í snjósöfnun og vindsveipum um skjólskóga við Hafnarfjall. Finna þarf "slysastaði" þar sem byrja þarf að gróðursetja.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið rétt fyrir kl. 18.